

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

POGA STJÓRNAR SHOSTAKOVÍTSJ

29. OKTÓBER 2026
ELDBORG HARPA

VELKOMIN

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKA

TÍMALENGD VERKA:

EYJA HINNA DAUÐU 21‘
SINFÓNÍA 60‘

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Reykjavík
Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið
SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

POGA STJÓRNAR SHOSTAKOVÍTSJ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 29. OKTÓBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ANDRIS POGA

EINSÖNGVARI
ALEXANDER ROSLAVETS

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
ÁRNI HARÐARSON, KÓRSTJÓRI

SÖNGHÓPURINN KYRJA
PHILIP BARKHUDAROV OG
SÓLVEIG SIGURÐARDÓTTIR,
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

SERGEJ RAKHMANÍNOV
Eyja hinna dauðu op. 29 (1909)

HLÉ

DMÍTRÍJ SHOSTAKOVÍTSJ
Sinfónía nr. 13 í b-moll „Babí Jar" (1962)
Babí Jar, Adagio
Húmor, Allegretto
Í búðinni, Adagio
Ótti, Largo
Framabrautin, Allegretto

ANDRIS POGA

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Andris Poga er lettneskur hljómsveitarstjóri. Hann lærði trompetleik og hljómsveitarstjórn við Jāzeps Vītols-tónlistarakademíuna í heimalandinu og síðar við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Poga nam einnig heimspeki við Háskólann í Lettlandi.

Það má segja að sigur hans í alþjóðlegu Evgeny Svetlanov-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2010 hafi greitt leið hans á stóra sviðið, en hann var einnig aðstoðarmaður Paavo Järvi hjá Sinfóníuhljómsveitinni í París um tíma og aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston.

Hann var tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Lettlands (LNSO) á árunum 2013 til 2021 en hefur eftir það verið listrænn ráðgjafi hennar. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveitinni í Stafangri í apríl 2018 og var aðalhljómsveitarstjóri hennar ári síðar. Hann lauk starfstíma sínum í Stafangri í júní 2026.

Meðal hápunkta undanfarinna ára má nefna tónleika með fremstu hljómsveitum Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Japans og Norðurlanda. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi hjá Elbfílharmóníunni í Hamborg, Útvarpshljómsveitinni í Köln, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín, NHK-sinfóníuhljómsveitinni í Tókýó og mörgum öðrum. Hann hefur einnig stjórnað Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Gewandhaus-hljómsveitinni, Accademia Nazionale di Santa Cecilia, Konunglegu fílharmóníuhljómsveitinni í London, Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong, Sinfóníuhljómsveitinni í Sydney og Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas.

Starfsárið 2026/27 felur í sér áskriftartónleikaraðir með Sinfóníuhljómsveitunum í Stafangri og Lettlandi, auk stakra tónleika með útvarpshljómsveitunum í Köln og Hamborg, Þjóðarhljómsveit Frakklands, Hljómsveit tónleikahússins í Berlín, Konunglegu fílharmóníuhljómsveitinni í Liverpool, Fílharmóníuhljómsveitinni í Ósaka og Sinfóníuhljómsveitinni í Sjanghaí, auk tónleikanna með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Andris Poga stjórnaði flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á 4. píanókonserti Beethovens og 8. sinfóníu Shostakovítsj í nóvember 2024 og var í kjölfarið boðið að heimsækja hljómsveitina aftur.

ALEXANDER ROSLAVETS

BASSI



Belarússinn Alexander Roslavets hefur fest sig í sessi sem einn af áhugaverðustu bassasöngvurum sinnar kynslóðar. Hann útskrifaðist árið 2014 frá Rimsky-Korsakov-tónlistarháskólanum í Sankti Pétursborg og gekk í kjölfarið til liðs við óperustúdíó Bolshoi-leikhússins undir stjórn Dmitry Vdovin. Hann hefur borið sigur úr býtum í fjölmörgum alþjóðlegum keppnum, þar á meðal hlaut hann aðalverðlaun í rússnesku söngkeppninni fyrir útskriftarnema, Obraztsova-, Vishnevskaya- og Eva Marton-keppnunum, alþjóðlegu óperukeppninni í Portofino og Belvedere-keppninni í Vín, og með því hefur hann skapað sér nafn á alþjóðavettvangi.

Meðal nýlegra verkefna hans ber hæst hlutverk Boris í Lafði Makbeð frá Mtsensk, sem var opnunarverk leikársins 2025/26 í Teatro alla Scala. Hann tók einnig þátt í uppfærslum á Stríði og friði í Genf, Luisu Miller í Hamborg, Rómeó og Júlíu í Malmö, Gullhananum í Komische Oper, Boris Godunov í Parísaróperunni og í Toulouse, Mazeppa á Tiroler Festspiele, Ívan grimma í Róm, auk Babí Jar eftir ShostakovÍtsj og sneri aftur til Konunglegu óperunnar í London með Boris Godunov.

Hann kemur reglulega fram í helstu óperuhúsum heims: Teatro alla Scala, Metropolitan-óperunni í New York, Glyndebourne-hátíðinni, Fílharmóníunni í Berlín, Deutsche Oper Berlin, Konunglegu óperunni í London og La Monnaie í Brussel. Frá árinu 2016 hefur hann verið fastráðinn við Ríkisóperuna í Hamborg, þar sem hann túlkar aðalhlutverk ítalskra, rússneskra og þýskra óperubókmennta. Samhliða óperunni sinnir hann af kappi tónleikahaldi, bæði á kammertónlist og sinfónískum verkum. Í sumar sem leið söng hann hlutverk Colline í La bohème á óperuhátíð hringleikahússins í Veróna.

Þetta er í fyrsta sinn sem Alexander Roslavets kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

Karlakórinn Fóstbræður er sá karlakór á Íslandi sem á lengstan samfelldan starfsaldur að baki, en hann hefur starfað samfellt frá haustinu 1916. Upphaflega starfaði kórinn undir nafninu Karlakór KFUM en frá árinu 1937 hefur kórinn sungið undir núverandi nafni. Saga Karlakórsins Fóstbræðra hefur verið samofin íslensku tónlistarlífi í rúma öld og varla líður sú vika að kórinn komi ekki fram við eitthvert tækifæri, hvort sem það er brúðkaup, afmæli, jarðarför, opnanir, vígsluhátíðir eða einhver önnur opinber tækifæri. Kórinn hefur margoft lagt land undir fót og farið í söngferðir jafnt innanlands sem erlendis. Fóstbræður hafa margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst árið 1954 á tónleikum helguðum finnskri tónlist og reglulega eftir það. Síðast kom kórinn fram með SÍ á Klassíkinni okkar haustið 2018. Stjórnandi kórsins frá árinu 1991 er Árni Harðarson.

SÖNGHÓPURINN KYRJA

Kyrja er íslenskur sönghópur, stofnaður árið 2022, sem segist vera í könnunarleiðangri um raddheiminn. Meðlimir Kyrju eru allir reynslumiklir atvinnusöngvarar sem vilja víkka út hugmyndir fólks um kórtónlist. Eitt af markmiðum hópsins er að flytja nýja tónlist. Kyrja hefur þegar frumflutt lög eftir Hafstein Þórólfsson og Philip Barkhudarov og stefnir á að vera leiðandi afl í frumflutningi nýrrar tónlistar og samstarfi við aðra tónlistarmenn úr fjölbreyttum geirum tónlistar. Kyrja og meðlimir hennar hafa unnið með Júníusi Meyvant og Kaleo, sungið inn á tölvuleikinn God of War Ragnarök, en tónlist hans hefur unnið til verðlauna. Kyrja hefur einnig tekið þátt í flutningi stærri verka, líkt og Requiem eftir G. Verdi og ásamt sönghópnum Yrkju hefur Kyrja flutt Vespers eftir S. Rakhmanínov. Oddvitar sönghópsins frá upphafi eru m.a. þau Philip Barkhudarov, Sólveig Sigurðardóttir, Pétur Oddbergur Heimisson, Jón Ingi Stefánsson og Þórhallur Auður Helgason.

SERGEJ RAKHMANÍNOV

EYJA HINNA DAUÐU



TÓNLISTIN OG SÍ
Þetta er aðeins í þriðja sinn sem Eyja hinna dauðu ratar á efnisskrá hljómsveitarinnar. Rumon Gamba, þáverandi aðalhljómsveitarstjóri, reið á vaðið og stjórnaði verkinu á tónleikum í Háskólabíói árið 2007 og árið 2014 var komið að aðalheiðursstjórnanda hljómsveitarinnar, Vladimir Ashkenazy, að halda um tónsprotann í Eldborgarsal Hörpu.

Það var í maímánuði árið 1907 að rússneska tónskáldið Sergej Rakhmanínov (1873–1943) var staddur í París þar sem hann kom fram á „rússneskum dögum“, tónlistarhátíð sem skipulögð var af hinum þekkta ballettstjóra Sergej Díaghílev. Á ferðalögum sínum um borgina rakst hann á svart-hvíta eftirprentun af mynd eftir svissneska málarann Arnold Böcklin. Rakhmanínov hafði verið að leita sér innblásturs fyrir nýtt sinfóníst ljóð í rúm tvö ár og þarna var kveikjan loksins fundin.

Mynd Böcklins sýnir eyðilega og klettótta smáeyju handan við víðáttumikið, dökkt vatn. Lítill árabátur er rétt ókominn að landi. Ræðari situr í skut bátsins en í stafni stendur hvítklædd vera. Fyrir framan veruna er að öllum líkindum líkkista. Við sjáum þéttan lund hárra, dökkra sýprusviðartrjáa sem eru umlukin bröttum klettum. Það ýtir enn frekar undir hina alvarlegu stemmningu að grafarop og gluggar virðast vera á klettaveggjunum. Rakhmanínov virðist ekki hafa verið að flýta sér að koma innblæstrinum í nótur og samdi t.d. 2. sinfóníu sína í millitíðinni, en í janúar 1909 tók hann til við að skrifa þetta nýja sinfóníska ljóð og lauk því rétt fyrir frumflutninginn í apríl sama ár.

Miðað við lýsinguna á mynd Böcklins kemur það ekki á óvart að tónlist Rakhmanínovs er máluð djúpum og dökkum litum. Verkið hefst veikt í óreglulegri takttegund, 5/8, sem gefur tilfinningu fyrir öldugangi eða e.t.v. áratogi ræðarans. Stemmningin er alvöruþrungin en jafnframt hlý og hátíðleg. Tónlistin vex að styrk eftir því sem við nálgumst eyjuna og nær kraftmiklum hápunkti. Tréblásararnir leiða okkur inn í annan hluta verksins, Tranquillo. Sá hluti vex einnig og leiðir í alsælukenndan hápunkt þar sem tilfinningalegt ferðalagið nær hámarki sínu með sátt eftir sorg og trega fyrsta hlutans. Rakhmanínov vitnar í Sléttsöngin Dies Ire úr sálumessum miðalda, sem færir okkur svo í kyrrlátan lokahlutann þar sem áratog lífsins toga okkur öll í sömu átt.



DMÍTRÍJ SHOSTAKOVÍTSJ

SINFÓNÍA NR. 13 „BABÍ JAR“



TÓNLISTIN OG SÍ
13. sinfónía Shostakovítsj hefur verið flutt þrisvar áður af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fyrst undir stjórn eistneska hljómsveitarstjórans Eri Klas árið 1990, þar sem danski bassasöngvarinn Aage Haugland söng einsöngshlutverkið. Árið 2002 hélt pólska tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Jerzy Maksymiuk um tónsprotann. Árið 2006 stjórnaði Rumon Gamba, þáverandi aðalstjórnandi SÍ, flutningnum, sem var hluti af heildarflutningi allra sinfónía Shostakovítsj á árunum 2003–2007. Þess má geta að Karlakórinn Fóstbræður hefur tekið þátt í flutningi 13. sinfóníu Shostakovítsj öll þau skipti sem hún hefur verið flutt.

Ferill fárra tónskálda hefur verið jafn samofinn pólitísku andrúmslofti samtíma síns og ferill rússneska tónskáldsins Dmítrij Shostakovítsj (1906–1975). Tónlist hans var ýmist hampað eða henni úthýst. Eina stundina var hann óskabarn Sovétríkjanna en þá næstu úthrópaður formalisti úr tengslum við þjóð sína. Eftir dauða Stalíns árið 1953 tók við nokkurra ára tímabil pólitískrar þýðu í Sovétríkjunum þar sem ferðafrelsi jókst og nokkuð var slakað á ritskoðun. Það var á þessum tíma sem hið unga ljóðskáld Jevgenij Jevtúsjenko (1933–2017) fór að vekja athygli almennings (og yfirvalda) fyrir ljóð sín og gagnrýnar skoðanir á sovésku samfélagi. Árið 1961 birtist ljóð Jevtúsjenko, *Babí Jar*, í virtu bókmenntariti í Sovétríkjunum. Ljóðið er hvöss ádeila á sovésk yfirvöld fyrir að viðurkenna ekki fjöldamorð þýskra hersveita á gyðingum í Kænugarði í Úkraínu sem hluta helfararinnar. Samkvæmt söguskýringum sovéskra yfirvalda voru fjöldamorðin sögð á sovéskum borgurum. Í raun voru eingöngu gyðingar meðal fórnarlambanna sem myrt voru á tveimur dögum í september 1941, tæplega 34.000 manns. Líkunum var svo komið fyrir í Babí Jar, sem er gildrag innan borgarmarkanna.

Shostakovítsj hreifst af ljóðinu og boðskapnum og ákvað að semja tónaljóð fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit við textann, en við lestur fleiri ljóða eftir Jevtúsjenko breyttust fyrirætlanir hans og úr varð heil sinfónía í fimm þáttum. Viðfangsefni ljóðanna snýst ekki einvörðungu um Babí Jar og gyðingahatur í Sovétríkjunum, heldur beinir ljóðskáldið spjótum sínum einnig að mörgum þeim félagslegu og pólitísku vandamálum sem Sovétríkin stóðu frammi fyrir í upphafi sjöunda áratugarins.

Formbygging sinfóníunnar er nokkuð sérstök og hafa sumir tónlistarfræðingar talið að verkið ætti fremur að flokkast undir óratóríu eða kantötu þar sem enginn þáttanna fimm er í sónötuformi og þeir ekki tengdir með sameiginlegu stefjaefni. Verkið er dramatískt og myndrænt og reynsla tónskáldsins af óperu- og kvikmyndatónlist er tekin til kostanna.

Upphafstaktarnir eru þungir og áhrifamiklir, eins og hrollkaldur gustur sem hrífur okkur samstundis inn í heim hræðilegra þjáninga og óréttlætis. Ljóðmælandi horfir ekki aðeins til atburðanna í Babí Jar heldur einnig til annarra þekktra atburða gyðingaofsókna, þar

á meðal Dreyfus-réttarhaldanna í Frakklandi, fjöldamorðanna í Białystok í Póllandi og sögu Önnu Frank í Hollandi. Shostakovítsj málar hvern þessara atburða sterkum myndrænum dráttum. Upphafsstef sinfóníunnar birtist nokkrum sinnum í framrás kaflans á sífellt ógnvænlegri hátt og nær hámarki sínu í lokatöktunum.

Í öðrum þættinum, *Húmor, Allegretto*, er viðfang ljóðsins hin vonlausa og endalausa barátta harðstjóra allra tíma við að stjórna húmor og háði þegna sinna. Eins og oft fær lífleg og á köflum trúðsleg tónlist Shostakovítsj kaldhæðnislegan blæ, líkt og hann gefi kúgurum sínum langt nef: „Hér er ég!“

Þriðji þátturinn, *Í búðinni, Adagio*, er lofgjörð til rússneskra kvenna og seiglu þeirra í gegnum tíðina. Sviðsmynd ljóðsins er þögul bið kvenna eftir afgreiðslu í matvöruverslun þar sem framboðið er af skornum skammti. Tónlistin er harmsöngur sem nær hápunkti sínum með skömmum til kaupmanna sem svindla á konunum: „Það er ljótt að fléfletta þær! Það er synd að svíkja vog á þeim!“

Fjórði þátturinn, *Ótti, Largo*, kemur í beinu framhaldi af þeim þriðja. Kaflann mætti túlka sem svipmynd af sovésku leyniþjónustunni, KGB og fyrirrennurum hennar. Óttinn er yfir og allt um kring; enginn veit hver er að hlusta og hverjum má treysta. Einmanalegt túbusólóið í upphafi gefur sterka tilfinningu fyrir þeirri þöglu ógn sem fylgir leyndarhyggju.

Lokaþátturinn, *Framabrautin, Allegretto*, birtist í beinu framhaldi líkt og hlýr sólargeisli eftir langvarandi kuldakast. Þrátt fyrir þessa hlýju og bjartsýni er þátturinn engu að síður vettvangur háðskrar gagnrýni á búrókratíuna, á upphafna embættismenn sem telja sig óvéfengjanlega fulltrúa sannleikans og hafa dregið dár að skapandi hugsun í gegnum tíðina.

Lokataktar verksins einkennast af björtum bjölluhljómi selestunnar sem hægt er að túlka sem trú tónskáldsins á að vonin sé örvæntingunni yfirsterkari.

Tryggvi M. Baldvinsson

BABÍ JAR

JEVGENÍJ JEVTÚSJENKO

I. Babí Jar
Yfir Babí Jar eru engir minnisvarðar,
aðeins brött hlíðin einsog hrikaleg grafskrift.
Ég er hræddur.
Í dag er ég jafn gamall og kynkvíslir Ísraels.

Mér finnst ég sjálfur vera gyðingur á
þessari stundu.
Hér er ég
og reika um hið forna Egyptaland.
Ég sem þeir krossfesta, ég sem er að deyja -
jafnvel enn í dag ber ég förin eftir naglana.

Ég hugsa um Dreyfus líka. Ég er hann.
Smáborgarinn - dómari minn og ákærandi.
Ég sit bakvið rimla. Króaður af.
Umkringdur, hrækt á mig, logið á mig.
Æpandi hefðarfrúr með flæmska knipplinga
reka sólhlífar sínar í andlit mér.

Ég er líka drengur í Bialystok.
Blóðinu er úthellt, það flæðir um gólfin.
Ölknæpuhetjurnar ganga berserksgang,
jafn rammlega þefjandi af lauk sem sprútti.
Ég er kraftlaus, fýk fyrir stígvélasparki,
hrópa gagnslausar bænir sem þeir hlusta ekki á.
Gaggandi:
„Berjið fretjúðann, frelsið Rússland!"
stendur kornvörukaupmaðurinn og lemur
móður mína.

Ó, rússneska þjóðin mín, ég þekki þig!
Ég veit, að þú ert í eðli þínu alþjóðleg.
En oft er það, að saurugar hendur
ná að hringla með þitt hreina nafn.
Ég veit, hvað þetta land mitt á af hjartagæsku.
Svo hvílík svívirða þá,
þegar gyðingahatarar kalla félagsskap sinn
með yfirlæti og án þess að blikna eða blána:
„Bandalag rússneskrar þjóðar"!

Mér finnst ég líkt og Anna Frank
vera gagnsær einsog aprílkvistur
og er ástfanginn, ég þarfnast ekki orða,
ég þarfnast þess eins að við horfum hvort á annað
með blíðu inni í dimmu herberginu.
Hvað, eru þeir að koma? Vertu ekki hrædd.
Þetta er bara dynur í vorinu úti.
Það berst hingað þessa leið. Þrýstu þér að mér.
Kysstu mig, fljótt.
Nú brjóta þeir upp dyrnar? Ó, nei það er vorið,
ísinn sem brestur... ís...

Yfir Babí Jar þýtur í órækt argrasi.
Trén horfa ógnandi á svip, horfa eins og
dómarar.
Og allt eitt þögult óp.
Þegar ég tek ofan hattinn,
finn ég hár mitt smám saman grána.
Og ég er eitt þögult óp
yfir þeim þúsundmörgu sem liggja grafnir;
ég er sérhver öldungur sem var drepinn hér,
sérhvert barn sem var drepið hér.
Engin taug í mér getur nokkru sinni gleymt því.

Þegar síðasti gyðingahatarinn á jörðinni
er að eilífu grafinn,
látum þá Alþjóðasönginn hljóma.
Í æðum mínum rennur ekki dropi af
gyðingablóði,
en sérhver gyðingahatari
hatar mig jafn innilega
og ég væri gyðingur. Fyrir þetta
er ég rússi.

(Geir Kristjánsson þýddi)

II. Húmor
Tsarinn, kóngar og keisarar,
yfir heiminum gjörvöllum ríktu,
hersýningum stýrðu af list
en við húmorinn réðu ekki neitt.

Inn í hallir stórmenna frægra
sem daglangt í hægindum hvíldu,
kom flakkarinn Esóp, og undir eins
fór af þeim fínasti glansinn.

Í húsum þar sem hræsnarinn
sín hraklegu spor skildi eftir,
skákaði og mátaði Nasreddin
lágkúruna með skrýtlum!

Þeir reyndu að kaupa húmorinn
en hann var þá ekki til sölu!
Þeir reyndu að drepa húmorinn
en hann gaf þeim bara langt nef!

Húmorinn var harður í horn að taka.
Þeir réðu hann oft af dögum,
afhöggvið höfuð hans
skreytti skotliðans spjótsodd.

En jafnskjótt og heyrðist
í hljóðpípum trúðanna
hrópaði hann hátt og snjallt:
„Hér er ég!“

Og húmorinn vatt sér í dansinn.
Í stuttum og snjáðum frakka
gekk hann, lotinn og iðrandi að sjá,
handtekinn og dauðadæmdur
pólitískur fangi.

Auðmýktin uppmáluð,
viðbúinn lífinu hinumegin,
en smeygði sér þá snöggt úr frakkanum,
veifaði kankvís
og – bless!

Þeir læstu hann inni í klefum
en það dugði fjári skammt.
Hann smaug gegnum
járnrimla og steinveggi.

Nefmæltur og kvefaður
eins og óbreyttur dáti réðst hann
með gamanvísu á vör og
vopnaður riffli á Vetrarhöllina.

Hann kippir sér ekki upp við
drungaleg augnaráð,
og lítur stundum í eigin barm
kíminn á svip.

Húmorinn er eilífur! Fimur! Röskur!
Hann sigrast á öllu og öllum!
Já, lengi lifi húmorinn!
Hann er hraustmenni!

III. Í búðinni
Sumar með sjal, aðrar með slæðu,
til afreka búnar, eða til vinnu,
inn í búðina, hver af annarri,
ganga þær þegjandi, konurnar.

Ó skröltið í brúsunum þeirra!
Glamrið í flöskum og pottum!
Lykt af lauk og agúrkum,
lykt af „Kabúl-sósu“.

Mér er kalt í biðröð við kassann
en smám saman þokast ég nær
og í búðinni hlýnar af andardrætti
svo margra kvenna.

Þær bíða rólegar,
verndarenglar fjölskyldunnar,
og halda fast um aurana,
laun erfiðis.

Þær eru konur Rússlands.
Þær eru sómi okkar og réttvísi.
Þær hafa hrært steypu,
plægt og slegið korn.

Allt hafa þær þolað,
allt munu þær þola.
Ekkert í heiminum er þeim ofviða, –
slíkur er styrkur þeirra!
Það er ljótt að féfletta þær!
Það er synd að svíkja vog á þeim!

Um leið og ég sting hveitibollum í vasann
horfi ég, harður og þögull,
á hendur þeirra þreyttar á töskuburði
og Guði þóknanlegar.

IV. Ótti
Óttinn þverr í Rússlandi,
umhverfist í drauga fortíðar,
aðeins í forkirkjum sést hann ennþá
biðja um brauð einsog betlikerling.

Ég man mátt hans og dýrð
við hirðina þar sem lygin fagnaði sigri.
Óttinn var hvarvetna, skuggar hans
smugu inn á hverja íbúðarhæð.

Í laumi agaði hann fólkið
og setti mark sitt á allt:
þar sem nær hefði verið að þegja
kenndi hann okkur að öskra,
og að þegja þar sem þurft hefði að öskra.

Þetta virðist nú orðið fjarlægt.
Jafnvel skrýtið að rifja það upp.
Leyndur ótti við uppljóstrun einhvers,
leyndur ótti við högg á dyr.

Eða óttinn við að ávarpa útlending?
Útlending? - Hvað þá um konuna þína?
Já, og óttinn sem greip þig er göngunni lauk
og þú varst aleinn með þögninni?

Okkur ægði ekki byggingarvinna í stórhríð
eða orrusta Í sprengjuregni,
en að tala við sjálfan sig
gat valdið skelfingu.

Við vorum hvorki yfirbuguð né afmáð,
og ekki að ófyrirsynju að nú hafa óvinir
aukinn beyg af Rússlandi,
sem hefur sigrast á eigin ótta.

Ég sé bjarma fyrir nýjum ótta nú:
ótta við að bregðast landi sínu,
ótta við að smána með lygi hugsjónir
sem fela í sér sannleikann sjálfan:

Ótta við að æra sig á sjálfshóli,
ótta við að endurtaka annarra orð,
ótta við að smána aðra með vantrausti
og treysta sjálfum sér um of.

Óttinn þverr í Rússlandi.
Og sem ég þessar línur skrifa
stundum í of miklum flýti,
óttast ég ekki nema það eitt
að skrifa ekki af fullum krafti.

V. Framabrautin
Prestar héldu því fram að Galíleo
væri hættulegt flón.
En tíminn hefur nú leitt í ljós
að flónið var gáfaðra en þeir!

Vísindamaður einn, jafnaldri Galíleos,
var ekki heimskari en Galíleo.
Hann vissi að jörðin snerist,
en hann átti fjölskyldu.

Og þegar hann ók á brott með konu sinni
hafandi svikið félaga sinn,
fannst honum hann vera á framanbraut,
en hafði í raun eyðilagt hana.

Á uppgötvun sinni um plánetu okkar
tók Galíleo einsamall ábyrgð
og hann varð mikilmenni.
Þar var sú sanna framabraut.

Já, lengi lifi sá frami
sem fæst á þeirri braut,
brautinni sem þeir fetuðu Shakespeare
og Pasteur,
Newton og Tolstoj,
og Tolstoj... Lév?
Lév!

Hví voru þeir ataðir auri?
Snilld er snilld, hverju nafni sem hún nefnist.
Gleymdir eru þeir sem formæltu,
en allir muna þá sem bölvað var.

Þeir sem stefndu út í heiðhvolfið,
læknarnir sem dóu úr kóleru,
einmitt þeir voru á framabraut!
Þeir eru fyrirmynd mín!

Ég trúi á heilaga trú þeirra.
Trú þeirra veitir mér kjark.
Ég feta framabraut mína
með því að feta hana ekki!

(Ingibjörg Haraldsdóttir þýddi)

Rússneskuráðgjöf:
Gunnar Þorri Pétursson,
höfundur og þýðandi

Á DÖFINNI

PSYCHO BÍÓTÓNLEIKAR

FIMMTUDAGURINN 12. NÓVEMBER KL. 19:30



Hrollvekjandi tónlist Bernards Herrmann við meistaraverk Alfreds Hitchcock, Psycho (1960), er ein þekktasta kvikmyndatónlist allra tíma. Tónlistin er samin eingöngu fyrir strengjahljóðfæri og skapar ógleymanlega spennu. Skerandi strengjahljómarnir úr hinu fræga sturtuatriði eiga eftir að fylgja áheyrendum dögum saman í kjölfar tónleikanna.

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARASVEITINNI

FÖSTUDAGURINN 13. NÓVEMBER KL. 18:00



Petri Sakari, fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stjórnar blásarasveit hljómsveitarinnar á tónleikum þar sem flutt verða verk eftir Dukas, Milhaud, Stravinskíj og Ruth Gipps. Tónleikunum lýkur með Gran Duo eftir Magnus Lindberg, þar sem tré- og málmblásarar takast á og ólíkir tónblæir hljóðfærahópanna fá að njóta sín.

STORGÅRDS STJÓRNAR BRUCKNER 2

FIMMTUDAGURINN 19. NÓVEMBER KL. 19:30



Á tónleikunum hljóma tvö verk í fyrsta sinn í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands: Píanókonsert Clöru Schumann með Alexöndru Dariescu einleikara og 2. sinfónía Bruckners, „Sinfónía þagnanna“. Finnski hljómsveitarstjórinn og fiðluleikarinn John Storgårds stýrir SÍ tónleikunum en hann mun einnig leika einleik á fiðlu í þremur litlum rómönsum eftir Clöru í hljómsveitarútsetningu Bernards Rofe.

KÓRSÖNGVARAR

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

Alexander Ó. B. Kristjánsson
Andri Egilsson
Arinbjörn Vilhjálmsson
Arnlaugur Helgason
Arnór Þórir Sigfússon
Arnór Bjarki Svarfdal
Árni Kjartansson
Árni Vilhjálmsson
Árni Þór Þorbjörnsson
Baldur Þórir Baldursson
Birgir Guðmundsson
Bjarki Þór Bjarnason
Björn Jónsson
Björn Vignir Magnússon
Dieudonné Gerritsen
Einar Karlsson
Eiríkur Orri Agnarsson
Eiríkur Jónsson
Ellert Þór Jóhannsson
Flati Ólafsson
Friðrik Snorrason
Geir Gunnlaugsson
Grímur Smári Hallgrímsson
Guðjón Snæbjörnsson
Guðmundur R. Benediktsson
Guðmundur Valsson
Gunnar Már Jóhannsson
Gunnar Reynarsson
Hafliði Helgason
Halldór Hauksson
Halldór Þórarinsson
Hallmundur Marvinsson
Hannes Snorrason
Haraldur Baldursson
Hjálmur Gunnarsson
Hjörtur Þorgeirsson
Ingi Rafn Ólafsson
Ívar Örn Árnason
Jakob Ásgeirsson
Jóhann Ólafur Ingvason
Jóhann Möller
Jóhannes B. Sigtryggsson
Jón Viðar Arnórsson
Jón Steinar Jónsson
Kristján Þór Magnússon
Magnús Snæbjörnsson
Marteinn Jóhannesson
Ólafur H. Friðjónsson
Ólafur A. Jónsson
Óskar Smári Haraldsson
Páll Viðar Jónsson
Ragnar Marteinsson
Ragnar Árni Sigurðarson
Robert Fraser Williamsson
Sigurður Þ. Jakobsson
Sigurjón Helgason
Skarphéðinn Berg Steinarsson
Smári S. Sigurðsson
Stefán Már Halldórsson
Stefán Már Sturluson
Sveinn Hólmar Guðmundsson
Sveinn Ólafsson
Sverrir Baldur Torfason
Vignir Björnsson
Þráinn Sigurðsson
Örn Baldursson

SÖNGHÓPURINN KYRJA

Áslákur Ingvarsson
Björn Bjarnsteinsson
Jón Ingi Stefánsson
Karl Hjaltason
Oddur Arnþór Jónsson
Pétur Oddbergur Heimisson
Philip Barkhudarov
Ragnar Pétur Jóhannsson
Stefán Sigurjónsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA
Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Emma Garðarsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Joanna Bauer
Pálína Árnadóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

2. FIÐLA
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Pia Sundroos
Justyna Bidler
Sólveig Steinþórsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðbjartur Hákonarson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sigrún Mary McCormick
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir

BASSI
Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Richard Korn

FLAUTA
Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ
Armand Djikoloum
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT
Tomer Ornan
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT
Jens-Christoph Lemke
Bryndís Þórsdóttir
Sabina Aran Clota

HORN
Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman
Flemming Aksnes
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET
Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA
Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA
David Bobroff

TÚBA
Diego Stine

HARPA
Katie Buckley
Elísabet Waage

PÍANÓ
Liam Kaplan

PÁKUR
Ginevra Palo

SLAGVERK
Marco Santos
Frank Aarnink
Steef van Oosterhout
Rafael Molina García

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI
Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

AÐVENTU-TÓNLEIKAR



3. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

MATTHEW HALLS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

GEIRÞRÚÐUR ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
EINLEIKARI SELLÓ

Það er fátt sem dregur betur fram eftirvæntingu aðventunnar en hlýleg tónlist klassíska tímabilsins. Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir leikur einleik í léttleikandi D-dúr sellókonserti Haydns, en konsertar hans fyrir hljóðfærið ná alltaf að heilla áheyrendur.

Úr óperu Mozarts um Idomeneo drottningu kemur þokkafull balletttónlist sem er vinsæl ein og sér í tónleikasölum heimsins. Þá hljómar einnig hin svokallaða Linz sinfónía Mozarts sem kennd er við borgina austurrísku undir stjórn Matthew Halls.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050 WWW.SINFONIA.IS